



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1272*

*komudagur 24.2.2003*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2003

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.**

Alþýðusamband Íslands hefur farið yfir fyrrgreinda þingaályktunartillögu og hvetur til þess að hún verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

ASÍ telur mikilvægt að rannsóknin nái ekki bara til framkvæmdatímans, heldur einnig til þeirra áhrifa sem starfsemi álversins mun hafa á efnahags-, félags- og heilsufarslega stöðu á Austurlandi. Það hefur vakið athygli í skýrslum um mat á umhverfisáhrifum af starfsemi slíkra fyrirtækja, að slíkri reynslu hefur ekki verið safnað kerfisbundið saman hér á landi og því vitum við ekki með vissu hvaða áhrif það hefur á samfélags-, byggða- né atvinnuþróun á áhrifasvæðinu.

Við rannsóknir á framkvæmdatímanum telur ASÍ mikilvægt að sérstaklega verði hugað að áhrifum skipulags vinnuumhverfis og öryggis og hollustuhátta bæði við virkjunina og álverið á starfsmenn sem við þessar framkvæmdir vinna.

Að lokum telur ASÍ mikilvægt að fulltrúar launafólks eigi beina aðkomu að umfjöllun um efnistökm slíkrar rannsóknar, t.d. með því að sett verði upp sérstök ráðgjafanefnd sem starfi með verkefninu.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson  
Framkvæmdastjóri ASÍ



BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN  
ÍSLANDS

Þingvallastræti 23  
PÓSTHÓLF 211  
602 AKUREYRI

SÍMI 463 0570  
FAX 463 0997

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1540*  
*komudagur. 6. 3. 2003*

www.brsi.is


**Akureyri 4. mars 2003**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Bygðarannsóknastofnun Íslands sendir hér með frumrit af umsögn sinni um Tillögu til þingsályktunar þskj. 849 - 511. mál.

Skjalið hefur áður verið sent sviðinu á tölvupósti.

Með kveðju,



---

Dr. Grétar Þór Eypórsson forstöðumaður



## BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN ÍSLANDS

UMSÖGN UM TILLOGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM RANNSÓKNIR Á  
SAMFÉLAGSLEGUM ÁHRIFUM ÁLVERS- OG VIRKJANAFRAMKVÆMDA Á  
AUSTURLANDI, ÞSKJ. N49 - 511. MÁL

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 18. febrúar 2003 óskað eftir umsögn Bygðarannsóknastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda, 511. mál. Bygðarannsóknastofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillöguna sem slíka.

*Það er álit Bygðarannsóknastofnunar að mjög brýnt sé að fylgst verði náið með þeim samfélagsáhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir á Austurlandi munu hafa – ekki síst í ljósi þess hve mjög hefur verið deilt um hvaða áhrif þessar umfangsmiklu framkvæmdir munu hafa á samfélag og byggð.*


Margt hefur verið rætt og ritað um áhrif fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Austurlandi á íslenskt samfélag. Sýnist sitt hverjum um hvort þau áhrif muni verða til góðs eða ills en flestir eru þó á einu máli um að áhrifin verða veruleg. Það sem einkennt hefur umræðu um áhrif fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á samfélagið er hve fullyrðingar um jákvæð og neikvæð áhrif byggja í raun á veikum grunni. Þetta þarf hins vegar ekki að koma á óvart í ljósi þess hve gögn sem byggja þarf á við mat á mögulegum áhrifum framkvæmdanna eru af skornum skammti. Fullyrða má því að verði ráðist í vandaða rannsókn á áhrifum fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Austurlandi er þar um að ræða einstakt tækifæri til að afla upplýsinga sem geta minnkað óvissu um slík áhrif í framtíðinni og geta því orðið komandi kynslóðum dýrmætt veganesti. Þá má leiða að því líkum að niðurstöður slíks verkefnis gætu haft gildi á alþjóðlegum vettvangi.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að Bygðarannsóknastofnun Íslands í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands verði falið að framkvæma rannsóknina. Í samningi Háskólans á

Akureyri, Byggðastofnunar og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um *Byggðarannsóknastofnun* kemur m.a. fram að hún skuli vera rannsókn- og fræðastofnun á sviði byggðamála. Markmið hennar skuli einkum vera: að treysta þekkingu á búsetu- og byggðamálum, einkum hvað varðar, þróun efnahags- og atvinnumála, búsetu og menningarþátta, mennta og heilbrigðismála auk samgangna. Verkefni sem þetta hlýtur því að teljast falla mjög vel að markmiðunum. Stofnunin starfar í náninni samvinnu við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og hefur greiðan aðgang að sérfræðingum RHA sem og öðrum sérfræðingum innan HA. Þess má og geta að undirritaður, forstöðumaður Byggðarannsóknastofnunar, er annar höfundur skýrslu RHA um mat á samfélagsáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og var þar jafnframt unnið að gagnaöflun á Austurlandi í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Nýsi sem vann skýrslu um áhrif álvers í Reyðarfirði. Þá má og geta þess að sérfræðingar innan RHA hafa enn víðtækari reynslu af mati á samfélagsáhrifum. Er því ljóst að innan Byggðarannsóknastofnunar er til staðar mikil þekking á aðstæðum á Austurlandi tengdum stóriðjuframkvæmdunum og þá jafnframt góð vitneskja um hvar skóinn kreppir í gagnaöflun. Er slíkt afar mikilvægt ef ekki forsenda fyrir vinnu verkefni það sem lagt er til að ráðist verði í í þingsályktunartillögunni.

Akureyri 4. mars

Dr. Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Byggðarannsóknastofnunar



BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN  
ÍSLANDS



**Byggðastofnun**  
Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1273  
komudagur 24. 2. 2003

Dagsetning  
20. febrúar 2003

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um mál 511, tillögu til þingsályktunar um samfélagsleg áhrif álvers- og virkjunarframkvæmda.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillaganna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Í tillögunni er lagt til að Alþingi samþykki að fela Byggðarannsóknastofnun Íslands, í samvinnu við Þróunarstofu Austurlands, að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda gætir mest.

Byggðastofnun telur jákvætt að fram fari rannsókn á byggðaáhrifum umræddra framkvæmda og eðlilegt að Þróunarstofa Austurlands komi að því máli.

Virðingarfyllst

Dr. Bjarki Jóhannesson  
forstöðumaður Próunarsviðs



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 128, 1382**  
**komudagur 28.2.2003**


Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seyðisfirði 25. febrúar 2003

**Varðar: Tillögu til þingsályktunar þskj. 849 – 511. mál.**

Orku- og stóriðjunefnd SSA mælir með því við hæstvirt Alþingi að það samþykki tillögu til þingsályktunar, 511. mál, um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.

Virðingarfyllst



Þorvaldur Jóhannsson  
formaður Orku- og stóriðjunefndar SSA

Afrit sent:  
Formaður Iðnaðarnefndar  
Iðnaðarráðherra  
Byggðarannsóknarstofnun Íslands  
Þróunarstofa Austurlands  
Þingmenn Norðausturkjördæmis

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1509  
komudagur 5.3.2003



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Iðnaðarnefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

HGS/HJ

Rvk. 4. mars 2003

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Þskj. 849, 511. mál, 128. löggjafarþing 2002–2003.**

Tillaga þessi er flutt af fulltrúum allra stjórnmalaflokkanna í iðnaðarnefnd. Í tillögunni er lagt til að Alþingi feli Byggðarannsóknastofnun Íslands (áður Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri), að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun byggðar og atvinnulífs á því landsvæði þar sem áhrifa álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi gætir mest. Verkefninu verði ætlað fé í fjárlögum í sex ár frá og með árinu 2004.

Í greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að upplýsingum sé safnað jafnóðum um áhrif þeirra miklu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi. Áhersla er lögð á rannsókn á ruðningsáhrifum framkvæmdanna á aðrar atvinnugreinar og þensluáhrif almennt. Samtök atvinnulífsins styðja umrædda tillögu og leggja til að Alþingi samþykki hana.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1463*  
*komudagur 4.3.2003*

Þróunarstofa Austurlands



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Egilsstaðir 27. febrúar 2003

**Varðar tillögu til þingsályktunar þskj. 849 – 511. mál, um rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi.**

Þróunarstofa Austurlands fagnar fram kominni tillögu, telur hana mikilvæga og mælir með því við hæstvirt Alþingi að það samþykki tillöguna og tryggi verkefninu viðunandi fjármagn.

Virðingarfyllt,

Elísabet Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri Þróunarstofu Austurlands

Afrit sent:  
Formaður iðnaðarnefndar  
Iðnaðarráðherra  
Byggðarannsóknarstofnun Íslands  
Þingmenn Norðausturkjördæmis  
Samband sveitarfélaga á Austurlandi